

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. desember 2012
Tilvísun: UST20121000136/ksj

Flóahreppur lýsing aðalskipulagsbreytingar. Þjónustusvæði við Skeiðavegamót

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps er barst 23. október sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps felur í sér að spilda úr landi Bitru sem liggur upp að gatnamótum Suðurlandsvegar og Skeiða- og Hrunamannavegar verður skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði, alls um 2 ha að stærð. Þar er gert ráð fyrir að byggja þjónustumíðstöð þar sem yrði almenn þjónusta fyrir ferðamenn s.s. eldsneytissala, matsala, snyrtningar og jafnvel gisting.

Helstu umhverfisviðmið


Í 35. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd segir: „*Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.*“ Að mati Umhverfisstofnunar er ástæða til að bæta ofangreindu við sem viðmiði þar sem engar byggingar eru í grennd þess svæðis sem nú er áætlun um að reisa bensínstöð og sjóppu á. Þar af leiðandi geta neikvæð sjónræn áhrif orðið töluberð. Að mati Umhverfisstofnunar væri eftirsóknarverðara að gera ráð fyrir slíkum þjónustubyggingum í vari frá þjóðveginum til að koma í veg fyrir neikvæð sjónræn áhrif.

Vatnsvernd


Fram kemur í lýsingu að umhverfisáhrif áætlunarinnar á vatnsverndarsvæði verði skoðuð. Á uppdrætti af samþykktu aðalskipulagi kemur fram að vatnsverndarsvæði er norður af því svæði sem tillaga að breyttu aðalskipulagi nær yfir. Á umræddu svæði er gert er ráð fyrir eldsneytissölu.

Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi þarf að skoða vandlega fjarlægðir frá vatnsverndarsvæði, áhrif áætlunarinnar á vatnsverndarsvæði og hvort áætluð starfsemi samrýmist vatnsverndinni.

Virðingarfullst



Ádalbjörg B Guttormsdóttir
Deildarstjóri



Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun